

Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð

Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi
Umsögn/greinargerð skipulagsdeildar

Forsendur
Ferill málsins
Ábendingar, athugasemdir og umsagnir
Niðurstaða
Fylgiskjöl




Dags. 2. nóvember 2023
Málsnúmer breytingar aðalskipulags 2208338
Málsnúmer deiliskipulags 2011714

1. Forsendur.....	3
1.1 Tillaga að breytingu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 í kjölfar forkynningar tillögu að deiliskipulagi í vinnslu.....	3
1.2 Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs/ Vatnsendahæðar – haust 2023.....	4
2. Ferill nýs deiliskipulags og breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.....	5
2.1 Ferill nýs deiliskipulags.....	5
Forsögn/hönnunarforsendur deiliskipulags.....	5
Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar	5
Forkynning á vinnslutillögu deiliskipulags Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar.....	6
Breytingar á tillögu og viðbrögð eftir samráð á forkynningarstigi deiliskipulags...	7
2.2 Breyting á aðalskipulagi í kjölfar forkynningar deiliskipulags á vinnslustigi.....	7
Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.....	8
Forkynning tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.....	9
2.3 Tillaga að breytingu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 og tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar kynning/auglýsing	9
2.4 Afgreiðsla/ferill nýs deiliskipulags í nefndum og ráðum	12
2.5 Afgreiðsla/ferill breytingar á aðalskipulagi í nefndum og ráðum	17
3. Umsagnir, athugasemdir og ábendingar.....	21
4. Niðurstaða umsagnar.....	25
5. Yfirlit yfir fylgiskjöl.....	27

1) Forsendur

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi í Vatnsendahvarfi með blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. Einnig er gert ráð fyrir opnu svæði, samfélagsþjónustu og verslun og þjónustu. Nýtt deiliskipulag er unnið í samræmi við markmið og áherslur aðalskipulags Kópavogs. Nærliggjandi íbúðarhverfi eru fullbyggð og er byggð á deiliskipulagssvæðinu eðlilegt framhald af aðliggjandi byggð.

Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að fyrirhuguðum Arnarnesvegi á mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Vatnsendahvarfið er hæst 148 m.y.s. og liggur hærri í landinu en aðliggjandi svæði. Svæðið er aflíðandi og óbyggt að mestu. Á svæðinu eru fjarskiptamöstur og tilheyrandi mannvirki m.a geymslu- og lagerhúsnæði Mílu ehf.



Mynd 1. Skipulagssvæðið er afmarkað með hvítu punktalínu.

Með uppbyggingu í Vatnsendahvarfi er stutt við betri nýtingu á núverandi grunnkerfum samgangna, veitna, samfélagslegum innviðum og almannaðjónustu. Ennfremur er stuðlað að góðri nýtingu lands og landsgæða. Skipulaginu er ætlað að stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni byggð með fjölbreyttu búsetuformi fyrir ólíka hópa.

1.1 Tillaga að breytingu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 í kjölfar forkynningar tillögu að deiliskipulagi í vinnslu

Aðalskipulagsbreyting er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist á forkynningartímabili. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður.

1.2 Tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs/ Vatnsendahæðar – haust 2023

Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, samreiknum leik- og grunnskóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Í deiliskipulaginu eru skilgreindir byggingarreitir og settir fram skilmálar um húsagerðir og uppbyggingu. Lagður er grunnur að vönduðum frágangi byggðar og umhverfis innan skipulagssvæðisins.

Tillaga að deiliskipulagi er sett fram á uppdrætti í mkv.1:2000 ásamt skýringaruppdrætti og greinargerð dags 20.02.2023 og uppfært 1.11.2023 unnin af Arkþing Nordic arkitektum í samráði við Umhverfissvið Kópavogs. Tillögunni fylgir sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir deiliskipulag og aðalskipulagsbreytingu dags. 24.01.2023 og uppfærð 21.06.2023.

Gögn sem lágu m.a. til grundvallar og voru jafnframt kynnt í vinnsluferlinu voru:

- Náttúrufarsúttekt móttekin 6. apríl 2022,
- Fornleifaskrá vegna deiliskipulags Vatnsenda, dags. maí 2022,
- Jarðtækniskýrsla GIR frá Eflu, dags.10.05.2022,
- Umferðargreining VSÓ Ráðgjafar, dags 1. apríl 2022, uppfærð 9. des. 2022,
- Minnisblað um mat á þjónusturým fyrir Vatnsendahvarf frá VSÓ Ráðgjöf, dags. 4.11.2022,
- Minnisblað Eflu um ofanvatnslausnir, dags. 19.11.2022,
- Hljóðvistarútreikningar VSÓ Ráðgjafar, dags. 29.11.2022,
- Áhættumat vegna loftslagsbreytinga frá Eflu, dags. 24.01.2023.

Auk þess lá fyrir samráðsáætlun, uppfærð 24.02.2022, minnisblað vegna fjölgunar nemenda, dags. 1.09.2022, minnisblað um búsetukjarna, dags. 2.12.2022, minnisblað um blátoppu, dags. 23.11.2022, minnisblað um samráð við mótun deiliskipulagstillögu, uppfært 25.05.2022 ásamt minnisblaði um helstu breytingar á tillögu eftir forkynningu, dags. 16.02.2023.

Í kjölfar auglýsingar var unnið lýðheilsumat vegna deiliskipulags Vatnsendahvarfs, dags. 10.03.2023 og húsakönnun Arkþing/Nordic, dags. júní 2023. Einnig var framkvæmd vettvangsrannsókn á fornleifum og liggur fyrir minnisblað Fornleifastofnun Íslands um lok vettvangsrannsókna dags. 15.09.2023.

2) Ferill nýs deiliskipulags og breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

2.1 Ferill nýs deiliskipulags fyrir Vatnsendahvarf

Forsögn/drög að hönnunarforsendum	Deiliskipulagslýsing	Tillaga á vinnslustigi og samráðsáætlun /forkynning	Tillaga kynnt/ auglýst Athugasemdir	Greinargerð um athugasemdir Tillaga afgreidd
-----------------------------------	----------------------	---	-------------------------------------	--

Forsögn/hönnunarforsendur deiliskipulags

Á fundi skipulagsráðs 18.12.2020 var lögð fram forsögn/hönnunarforsendur deiliskipulags. Í forsögn/hönnunarforsendum voru sýndar mögulegar útfærslur á útivistarsvæðum og byggð á svæðinu. Á grundvelli forsagnar var samþykkt að hafin yrði vinna við nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi.

Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar

Á fundi skipulagsráðs 29.03.2021 var lögð fram með tilvísan í 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga skipulagsdeildar að skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags. Í lýsingunni eru settar fram áherslur fyrir áframhaldandi skipulagsvinnu og teknar saman forsendur úr Aðalskipulagi Kópavogi 2019-2040 og öðrum áætlunum. Ennfremur fylgdi skipulagslýsingunni hönnunarforsendur. Tilgangur skipulagslýsingar (verkefnislýsingar) er m.a. að tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu á fyrstu stigum og að gera skipulagsvinnuna gagnsærri og markvissari, sjá fylgiskjal 1.

Kynningartímabil skipulagslýsingar deiliskipulags var frá 23. apríl til 25. maí 2021. Skipulagslýsing var auglýst í Fréttablaðinu 24. apríl 2021 þar sem vakin var athygli á að kynning skipulagslýsingarinnar stæði yfir. Lýsinguna var einnig hægt að nálgast á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is og í þjónustuveri að Digranesvegi 1, sjá fylgiskjal 2.

Dreifibréf, dags.27.04.2021, var sent til íbúa aðliggjandi byggðar. Einnig var eftirtöldum aðilum send umsagnarbeiðni, dags. 23.04.2021, vegna skipulagslýsingar deiliskipulags: Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Veðurstofu Íslands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðarbæjar, Kópavogs og Seltjarnarness, Isavia ohf., Veitum ohf, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusviði, Garðabæ, Mosfellsbæ og Sveitarfélaginu Ölfuss.

Umsagnir bárust frá íbúum í Kórahverfi, íbúum í Vatnsendahverfi, Vinum Vatnsenda, Samgöngustofu, Veitum ohf, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu, Minjastofnun Íslands, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusviði, Veðurstofu Íslands, Mosfellsbæ, Umhverfisstofnun, Atnorth og Skipulagsstofnun, sjá fylgiskjal 3.

Á fundi skipulagsráðs 7. júní 2021 var skipulagslýsing deiliskipulags lögð fram að nýju ásamt ábendingum og athugasemdum. Skipulagsráð samþykkti á grundvelli framlagðrar skipulagslýsingar fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi og umsagna, athugasemda og ábendinga er fram komu á kynningartíma, að hafin yrði vinna við gerð tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

Forkynning á vinnslutillögu deiliskipulags Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar

Á fundum skipulagsráðs 6. desember 2021 og 14. febrúar 2022 var vinnslutillaga deiliskipulags kynnt og greint frá stöðu mála í deiliskipulagsvinnunni. Einnig var lögð fram og kynnt samráðsáætlun dags 3.12.2021 um fyrirhugað samráð. Samráðsáætlun gerði ráð fyrir að samráði við börn og ungmenni í nærliggjandi skólum, Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla. Gert var ráð fyrir að leita eftir álitum eldri borgara, m.a. þeirra sem sækja félagsmiðstöðina Boðahring. Opinn vinnufundur yrði haldinn með íbúum sem láta sig málið varða.

Á fundi skipulagsráðs þann 28.2.2022 var samþykkt með tilvísun í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Vatnsendahvarf skv. uppfærðri samráðsáætlun dags. 24.02.2022. Vinnslutillagan var sett fram á uppdráttum í mkv. 1:2000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022 ásamt viðaukum sjá fylgiskjal 4.

Tímabil forkynningar tillögu (á vinnslustigi) að deiliskipulagi var frá 8. mars til 22. apríl 2022.

Birtar voru auglýsingar í Lögbirtingablaðinu 14. mars, Fréttablaðinu 12. mars og Kópavogsblaðinu 29. mars 2022. Í auglýsingunum var vakin athygli á að vinnslutillaga að nýju deiliskipulagi væri til kynningar, sjá fylgiskjal 5. Vinnslutillöguna var einnig hægt að nálgast á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is og í þjónustuveri að Digralesvegi 1 frá 10. mars til 22. apríl 2022. Í auglýsingunum kom m.a. fram að haldinn yrði opinn kynningarfundur með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum 7. apríl 2022 í sal Hörðuvallaskóla, sjá fylgiskjal 6 og 7.

Vinnslutillaga deiliskipulags var kynnt íbúum aðliggjandi byggðar og eftirtöldum aðilum var send umsagnarbeiðni, dags. 10.03.2022: Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Samgöngustofu, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Strætó, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Veitum ohf., Landsneti, Reykjavíkurborg, Garðabæ, Ríkiseignum, Breiðabliki, HK, Gerplu, Landssamtökum hjólréiðarmanna, Foreldrafélagi Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla, Félagi eldri borgara í Kópavogi og Boðanum félagsmiðstöð eldri borgara.

Umsagnir bárust frá íbúum í Kórahverfi, Vatnsendahverfi og Seljahverfi í Reykjavík, Vinum Vatnsenda, Samgöngustofu, Veitum, Náttúrufræðistofnun Íslands, Samgöngustofu, Minjastofnun Íslands, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusvið, Veðurstofu Íslands, Mosfellsbæ, Umhverfisstofnun, Atnorth og Skipulagsstofnun, Strætó bs, Vegagerðin, Reykjavík, Umhverfisstofnun, Veitur, Náttúrufræðistofnun, Landsneti, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sjá fylgiskjal 8.

Einnig var haldin samráðsfundur með íbúum Klettakórs 1a, 1b og 1c þann 7. september 2022 á bæjarskrifstofum Kópavogsbæjar sem sendu inn sameiginlega athugasemd við deiliskipulagstillögu á vinnslustigi.

Á fundi skipulagsráðs 30. maí 2022 var vinnslutillagan lögð fram að nýju ásamt umsögnum, athugasemdum og ábendingum frá stofnunum, íbúum og hagsmunaaðilum er bárust á forkynningatímabilinu. Skipulagsráð samþykkti á grundvelli framlagðrar vinnslutillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs og þeirra umsagna, athugasemda og ábendinga sem fram komu á kynningartíma, að hafin yrði vinna við gerð tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

Breytingar á tillögu og viðbrögð eftir samráð á forkynningarstigi deiliskipulags

Í samræmi við áætlun um samráð, uppfærð á ný dags. 24. apríl 2022 var haft viðtækt samráð við íbúa og hagsmunaaðila við mótun deiliskipulagstillögunnar. Vinnslutillagan var kynnt og auglýst bæði í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum eins og áður hefur komið fram. Haldinn var opinn íbúafundur í Hörðuvallaskóla sem var streymt þann 7. apríl 2022, kynningarfundur í félagsmiðstöð eldri borgara í Boðarþingi þann 28. mars. 2022 og vinnustofur með nemendaráðum Vatnsendaskóla og Hörðuvallaskóla 25 og 30. mars 2022.

Kynningargögn/veggspjöld voru hengd upp í verslunarkjarna í Vallarkór og Salalaug á kynningartímabilinu. Ennfremur voru samfélagmiðlar nýttir til að vekja athygli á vinnslutillögunni. Með forkynningu á vinnslustigi var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að koma sínum ábendingum og sjónarmiðum á framfæri sem gætu komið að gagni við mótun tillögu að nýju deiliskipulagi. Eins og áður hefur komið fram var tímabil forkynningar var frá 8. mars til 22. apríl 2022, sjá fylgiskjal 6 og 7.

Á grundvelli ábendinga og athugasemda sem bárust á forkynningartímabili var deiliskipulag aðlagð og gerðar breytingar á því. Hér að neðan eru taldar upp helstu breytingar á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs sem gerðar voru í kjölfar samráðs á forkynningarstigi.

Upptalningin tekur til helstu efnisatriða og er ekki tæmandi, sjá nánar fylgiskjal 9.

- Tveggja hæða raðhúsum austan við Klettakór breytt í parhús á 1,5 hæð
- Parhús við Klettakór færð fjær núverandi byggð og sitja þar með neðar í landi
- Staðsetning minja leiðrétt (MV-9)
- Gamalli þjóðleið bætt við á uppdrátt
- Grunnskóla bætt við leikskóla
- Búsetukjarna fyrir fatlað fólk bætt við
- Grænn geiri aðlagður að nærliggjandi landnotkun
- Verslun og þjónusta færð miðsvæðis
- Skilmálar settir um meðhöndlun, geymslu og varðveislu blátoppu
- Umfjöllun um aukaíbúð í einbýlishúsum bætt við
- Kvöð um fjarlægð og gróður milli bílastæða og bygginga fjölbýlishúsa bætt við
- Gönguþverunum bætt við gatnamót
- Landmótun/vindbrjótar í grænum geira í austurhlíðum bætt við
- Útsýnisreit og mastri á háholtinu gerð betri skil

Tillögur að breytingum deiliskipulagsins kölluðu einnig á breytingu á gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

2.2 Breyting á aðalskipulagi í kjölfar forkynningar deiliskipulags á vinnslustigi

Lýsing skipulags/ verkefnislýsing	Tillaga á vinnslustigi/ forkynning	Tillaga kynnt/ auglýst Athugasemdir	Greinargerð um athugasemdir Tillaga afgreidd í sveitarstjórn	Staðfesting Skipulagsstofnunar
--------------------------------------	---------------------------------------	--	---	-----------------------------------

Í kjölfar forkynningar deiliskipulags á vinnslustigi var ákveðið að gera breytingar á tillögunni með vísan til athugasemda sem bárust á kynningartíma. Þær breytingar kölluðu á að gera þurfti breytingu á aðalskipulagi. Samhliða vinnu við gerð deiliskipulagsins var því áráðið að vinna að breytingu á gildandi aðalskipulagi, þ.e. þeim hluta sem deiliskipulagið nær til. Breytingin fólst í eftirfarandi:

- Afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt
- Fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins.
- Staðsetning minja leiðrétt. Við minjaskráningu í tengslum við deiliskipulagið kom í ljós að staðsetning friðaðra minja í aðalskipulaginu var ónákvæm.
- Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) felld niður. Innan nýja hverfisins er gert ráð fyrir að Kambavegur verði safngata og tengi hverfið við íbúðarsvæðið í Kórum um Kóraveg og Kambaveg og athafnasvæðið í Hvörfum.

Skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Á fundi skipulagsráðs 5.9.2022 var lögð fram tillaga að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf, sjá fylgiskjal 10. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Á fundi skipulagsráðs 19.9.2022 var samþykkt að skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 yrði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Kynningartími skipulagslýsingar fyrir breytingu aðalskipulags var frá 1. til 27. október 2022. Skipulagslýsing var send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Minjastofnun Íslands, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Vegagerðinni, Samgöngustofu, Ísavia, Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, Veðurstofu Íslands, Veitum ohf, Landsneti, Strætó, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusviði, sveitarfélaginu Ölfusi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ, Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum.

Skipulagslýsing var jafnframt auglýst í Fréttablaðinu 1. október 2022 þar sem vakin var athygli á að kynning skipulagslýsingarinnar stæði yfir. Lýsinguna var einnig hægt að nálgast á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is og í þjónustuveri að Digranesvegi 1 til 27. október 2022, sjá fylgiskjal 11.

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá eftirtöldum aðilum, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Landsneti, íbúa Kleifakór 3, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veitum, Sveitarfélaginu Ölfusi, Minjastofnun Íslands, Ísavia, Veðurstofu Íslands, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, sjá fylgiskjal 12.

Á skipulagsráðsfundi 14.11.2023 var samþykkt á grundvelli skipulagslýsingar og þeirra athugasemda og umsagna sem bárust á kynningartíma að hafin verði vinna við gerð breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf.

Forkynning á tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040

Á fundi skipulagsráðs 28.11.2022 var samþykkt að forkynna tillögu skipulagsdeildar á vinnslustigi, dags. 24. nóvember 2022, að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2022 varðandi Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð, í samræmi við 2. mgr. 30. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin "tengibraut" á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgdi sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs, sjá fylgiskjal 13.

Kynningartími tillögu á vinnslustigi var frá 2. desember 2022 til 11. janúar 2023. Tillaga á vinnslustigi var send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Skipulagsstofnun, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg/Umhverfis- og samgöngusviði, sveitarfélaginu Ölfusi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ.

Í Lögbirtingablaðinu 5. desember og Fréttablaðinu 3. desember 2022 birtust auglýsingar þar sem vakin er athygli á að tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi væri í forkynningu, sjá fylgiskjal 14. Í auglýsingunum kom m.a. fram að (vinnslu)tillagan ásamt fylgigögnum væri aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 og að frestur til að senda inn athugasemdir og ábendingar væri til 11. janúar 2023. Enn fremur kom fram að fimmtudaginn 8. desember 2022 milli 15:00-17:00 yrði opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi, 1 þar sem tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi yrði kynnt þeim sem þess óska, sjá fylgiskjal 15. Á forkynningartíma barst ein umsögn frá sveitarfélaginu Ölfusi, sjá fylgiskjal 16.

Á skipulagsráðsfundi 16.01.2023 var samþykkt á grundvelli framlagðrar tillögu á vinnslustigi að breyttu aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð að hafin verði vinna við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi samhliða vinnu við tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

Einnig var fjallað um tillöguna í umhverfis- og samgöngunefnd, bæjarráði og bæjarstjórn. Sjá nánar um ferilinn og afgreiðsla í ráðum og nefndum bæjarins í kafla 2.3.

2.3 Tillaga að breytingu Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 og tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs-Vatnsendahæðar kynning/auglýsing

Á fundi skipulagsráðs 20. febrúar 2023 var síðan lögð fram tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs, íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (S-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgdi m.a.

umhverfismatsskýrsla sem unnin var sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Tillagan var sett fram í greinargerð ásamt umhverfismatsskýrslu dags. 24.01.2023, sjá fylgiskjal 17.

Skipulagsráð lagði til að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 verði auglýst, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkti að vísa tillögunni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar með vísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. sömu laga.

Á fundi ráðsins 20. febrúar 2023 var jafnframt lögð fram *tillaga* Arkþing/Nordic arkitekta f.h. Umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Tillagan var sett fram á uppdrætti í mkv.1:2000 dags. 20. febrúar 2023 ásamt skýringaruppdrætti og greinargerð dags. 20. febrúar 2023. Tillögunni fylgdi sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir deiliskipulag og aðalskipulagsbreytingu dags. 24.01.2023, áhættumat vegna loftslagsbreytinga frá Eflu, dags. 24.01.2023, fornleifaskrá vegna deiliskipulags Vatnsenda, dags. maí 2022, minnisblað um mat á þjónusturýnd fyrir Vatnsendahvarf frá VSÓ Ráðgjöf, dags. 4.11.2022, minnisblað Eflu um ofanvatnslausnir, dags. 19.11.2022, hljóðvistarútreikningar VSÓ Ráðgjafar, dags. 29.11.2022, jarðtækniskýrsla GIR Eflu, dags. 10.05.2022, minnisblað vegna fjölgunar nemenda, dags. 1.09.2022, minnisblað um búsetukjarna, dags. 2.12.2022, minnisblað um blátoppu, dags. 23.11.2022, minnisblað um samráð við mótun deiliskipulagstillögu, uppfært 25.05.2022, samráðsáætlun uppfærð 24.02.2022 ásamt minnisblað um helstu breytingar eftir forkynningu, dags. 16.02.2023, sjá fylgiskjal 18.

Skipulagsráð samþykkti með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf dags. 20. febrúar 2023 yrði auglýst og vísaði henni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 14. mars 2023 var afgreiðsla skipulagsráðs frá 20. febrúar 2023 staðfest samhljóða um að tillaga að aðalskipulagsbreytingu fyrir Vatnsendahvarf verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. Jafnframt samþykkti bæjarstjórnin samhljóða að tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf yrði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Einnig var fjallað var um tillögurnar í umhverfis- og samgöngunefnd og bæjarráði. Sjá nánar um ferilinn og afgreiðslu í ráðum og nefndum bæjarins í kafla 2.3.

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf var send til Skipulagsstofnunar 16. mars 2023 sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun kallaði eftir frekari gögnum í pósti þann 29.03.2023 sem brugðist var við. Í erindi Skipulagsstofnunar dags. 29.03.2020 kemur m.a. fram að stofnunin geri ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sjá fylgiskjal 19.

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð, og tillaga að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs voru auglýstar samtímis. Tillaga að breyttu

aðalskipulagi skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga og tillaga að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kynningartími var frá 20. apríl til 8. júní 2023.

Dreifibréf, dags 27.04.2023, var sent til íbúa aðliggjandi byggðar og auglýsingar um tillögurnar birtist í Morgunblaðinu 20. apríl 2023, Lögbirtingablaðinu 25. apríl 2023 og Kópavogspóstinum 4. maí 2023. Í auglýsingunni var vakin athygli á því að á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is undir *íbúar*, *skipulagsmál* og síðan *skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu* væru gögn málsins, sjá fylgiskjal 20. Enn fremur kom fram að þriðjudaginn 16. maí 2023 milli kl. 17:00-18:30 yrði opinn kynningarfundur í sal Vatnsendaskóla þar sem tillögurnar yrðu kynntar og starfsfólk skipulagsdeildar og skipulagsráðgjafar svari fyrirspurnum, sjá fylgiskjal 21.

Á kynningartíma tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahvarfs og að breytingu á aðalskipulagi bærust athugasemdir og ábendingar frá eftirtöldum aðilum; Náttúrufræðistofnun Íslands, Veitum, Landsnet, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Isavia, Neyðarlínunni, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, sjá umfjöllun og viðbrögð við athugasemdum í kafla 3.

2.4 Afgreiðsla/ferill deiliskipulags í nefndum og ráðum

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afgreiðslu nýs deiliskipulags í nefndum og ráðum Kópavogsbæjar.

Skipulagsráð - 89 (21.12.2020) - Vatnsendahvarf. Forsögn/drög að hönnunarforsendum Deiliskipulag.	Lögð fram forsögn að deiliskipulagi í Vatnsendahvarfi. Niðurstaða: Skipulagsráð samþykkir að hafin verði vinna við deiliskipulag í Vatnsendahvarfi.
Skipulagsráð - 94 (15.3.2021) - Vatnsendahvarf. Drög að deiliskipulagslýsingu. Deiliskipulag.	Með tilvísan í samþykkt skipulagsráðs 21. desember 2020 um að hafin yrði vinna við deiliskipulag í Vatnsendahvarfi eru lögð fram drög að deiliskipulagslýsingu fyrir umrætt svæði. Drögin eru dagsett 9. mars 2021. Niðurstaða: Lagt fram og kynnt.
Skipulagsráð - 95 (29.3.2021) - Vatnsendahvarf. Deiliskipulagslýsing.	Lögð fram að nýju tillaga skipulagsdeildar að deiliskipulagslýsingu með tilvísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi dags. 26. mars 2021. Niðurstaða: Skipulagsráð samþykkir framlagða lýsingu og að hún verði kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.
Bæjarráð - 3042 (8.4.2021) - Vatnsendahvarf. Deiliskipulagslýsing.	Lögð fram að nýju tillaga skipulagsdeildar að deiliskipulagslýsingu með tilvísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi dags. 26. mars 2021. Niðurstaða: Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.
Bæjarstjórn - 1235 (13.4.2021) - Vatnsendahvarf. Deiliskipulagslýsing.	Lögð fram að nýju tillaga skipulagsdeildar að deiliskipulagslýsingu með tilvísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi dags. 26. mars 2021. Niðurstaða: Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 10 atkvæðum og hjásetu Theódóru S. Þorsteinsdóttur.
Skipulagsráð - 100 (7.6.2021) - Vatnsendahvarf. Deiliskipulagslýsing. Athugasemdir og ábendingar.	Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga skipulagsdeildar að deiliskipulagslýsingu með tilvísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi dags. 26. mars 2021. Á fundi skipulagsráðs 29. mars 2021 var framlögð lýsing samþykkt og að hún verði kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 13. apríl 2021 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Kynningartíma lauk 25. maí 2021. Þá lagðar fram athugasemdir, ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma. Niðurstaða: Skipulagsráð samþykkir að á grundvelli framlagðrar skipulagslýsingar fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi og umsagna, athugasemda og ábendinga er fram komu á kynningartíma verði hafin vinna við gerð tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.
Umhverfis- og samgöngunefnd - 142 (29.6.2021) - Vatnsendahvarf. Deiliskipulagslýsing. Athugasemdir og ábendingar.	Lögð fram að lokinni kynningu tillaga skipulagsdeildar að deiliskipulagslýsingu með tilvísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir nýtt deiliskipulag í Vatnsendahvarfi dags. 26. mars 2021. Á fundi skipulagsráðs 29. mars 2021 var framlögð lýsing samþykkt og að hún verði kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar 13. apríl 2021 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Kynningartíma lauk 25. maí 2021. Þá lagðar fram athugasemdir, ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma. Niðurstaða: Lagt fram og kynnt.
Skipulagsráð - 110 (6.12.2021) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf.	Greint frá stöðu mála varðandi deiliskipulagsvinnu á Vatnsendahæð. Kynnt eru drög að vinnslutillögu og samráðsáætlun. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið endurskoðaðs aðalskipulags Kópavogsbæjar. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og

Deiliskipulagstillaga í vinnslu og samráðsáætlun.	Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla, útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Á Vatnsendahæð verða 500 íbúðir alls, þar af um 150-200 íbúðir í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Við gerð deiliskipulags á Vatnsenda er metnaður lagður í viðtækt og skilvirkt íbúasamráð. Haft verður samráð við börn og ungmenni í nærliggjandi skólum, Hörðuvallaskóla og Vatnsendaskóla. Leitað verður eftir álitum eldri borgara, m.a. þeirra sem sækja félagsmiðstöðina Boðarþing. Opinn vinnufundur verður haldinn með íbúum sem láta sig málið varða. Stuðst verður við handbók Sambands sveitarfélaga á Íslandi og samráðsaðferðum í þriðja og fjórða þrepi þátttökustiga sambandsins beitt. Niðurstaða : Lagt fram og kynnt.
Skipulagsráð - 114 (14.2.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinnslutillaga að deiliskipulagi og samráðsáætlun.	Lögð fram á vinnslustigi tillaga Arkþing nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kóraverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir að fresta afgreiðslu málsins með fimm atkvæðum gegn atkvæði Kristins D. Gissurarsonar. Júlíus Hafstein sat hjá við afgreiðslu málsins.
Skipulagsráð - 115 (28.2.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinnslutillaga að deiliskipulagi og samráðsáætlun.	Lögð fram á vinnslustigi tillaga Arkþing nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kóraverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Þá lögð fram tillaga að samráðsáætlun dags. 25. febrúar 2022. Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna framlagða vinnslutillögu skv. samráðsáætlun. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.
Bæjarráð - 3080 (3.3.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinnslutillaga að deiliskipulagi og samráðsáætlun.	Lögð fram á vinnslustigi tillaga Arkþing nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kóraverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Þá lögð fram tillaga að samráðsáætlun dags. 25. febrúar 2022. Niðurstaða: Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.
Bæjarstjórn - 1253 (8.3.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinnslutillaga að deiliskipulagi og samráðsáætlun.	Lögð fram á vinnslustigi tillaga Arkþing nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kóraverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Þá lögð fram tillaga að samráðsáætlun dags. 25. febrúar 2022. Niðurstaða : Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.

Skipulagsráð - 119 (2.5.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinnslutillaga og athugasemdir. Deiliskipulag.	Lögð fram að nýju á vinnslustigi tillaga Arkþing nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eibýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Á fundi skipulagsráð 28. febrúar sl. var samþykkt með tilvísun í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna framlagða vinnslutillögu skv. samráðsáætlun. Á fundi bæjarstjórnar 8. mars sl. var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Kynningartíma lauk 22. apríl sl. Þá lagðar fram athugasemdir, ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma. Niðurstaða : Lagt fram. Vísað til úrvinnslu skipulagsdeildar.
Skipulagsráð - 120 (16.5.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinnslutillaga og athugasemdir. Deiliskipulag.	Lögð fram að nýju að lokinni kynningu á vinnslustigi tillaga Arkþing/ Nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eibýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000, 1:1000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Á fundi skipulagsráð 28. febrúar sl. var samþykkt með tilvísun í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna framlagða vinnslutillögu skv. samráðsáætlun. Á fundi bæjarstjórnar 8. mars sl. var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Kynningartíma lauk 22. apríl sl. Þá lagðar fram athugasemdir, ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma. Á fundi skipulagsráðs 2. maí 2022 voru athugasemdir, ábendingar og umsagnir lagðar fram og vísað til úrvinnslu skipulagsdeildar. Þá lagt fram minnisblað skipulagsdeildar dags. 12. maí 2022. Niðurstaða: Bókun Einars Arnar Þorvarðarsonar: "Með vísan til 1. og 2. mgr. 133. gr. laga um kosningar fer undirritaður fram á að erindum 3 og 4 verði frestað á þessum fundi. Umboð kjörinna fulltrúa næstu tvær vikur er takmarkað skv. lögnum og engin nauðsyn sem nú steðjar að sem krefst þess að fráfarandi meirihluti afgreiði svo umdeild mál á fyrsta virka degi eftir kosningar. Lögin gera beinlínis ráð fyrir frestun slíkra mála og að nýkjörinn sveitarstjórn taki mál fyrir á fyrsta fundi sínum. Þess utan lofuðu allir flokkar sem náðu kjöri í bæjarstjórn Kópavogs auknu samráði og því er það beinlínis krafa að þeir sýni það í verki á fyrsta virka degi eftir kosningar." Sigurbjörg Erla Egilsdóttir tekur undir bókun Einars. Afgreiðslu frestað.
Skipulagsráð - 121 (30.5.2022) - Vatnsendahæð - Vinnslutillaga og athugasemdir. Vatnsendahvarf. Deiliskipulag.	Lögð fram að nýju að lokinni kynningu á vinnslustigi tillaga Arkþing/ Nordic arkitekta dags. 11. febrúar 2022 fh. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis á Vatnsendahæð í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eibýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Uppdrættir í mkv. 1:2000, 1:1000 og greinargerð dags. 11. febrúar 2022. Á fundi skipulagsráð 28. febrúar sl. var samþykkt með tilvísun í 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna framlagða vinnslutillögu skv. samráðsáætlun. Á fundi bæjarstjórnar 8. mars sl. var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Kynningartíma lauk 22. apríl sl. Þá lagðar fram athugasemdir, ábendingar og umsagnir sem bárust á kynningartíma. Á fundi skipulagsráðs 2. maí 2022 voru athugasemdir, ábendingar og umsagnir lagðar fram og vísað til úrvinnslu skipulagsdeildar. Á fundi skipulagsráðs 16. maí 2022 var lagt fram minnisblað skipulagsdeildar dags. 12. maí 2022, afgreiðslu var frestað. Þá lagt fram uppfært minnisblað skipulagsdeildar, dags. 27. maí 2022. Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir að á grundvelli framlagðrar vinnslutillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs og þeirra umsagna, athugasemda og ábendinga sem fram komu á kynningartíma, verði hafin vinna við gerð tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

	Bókun Einars Arnar Þorvarðarsonar: "Legg áherslu á að í deiliskipulaginu fyrir Vatnsendahvarf verði horft til markmiða lýðheilsustefnu Kópavogs auk þess sem tekið verði mið af húsnæðisskýrslu Kópavogsbæjar og þeim félagslegu áherslum sem þar eru. Að gert verði ráð fyrir íbúðakjarna fyrir fatlað fólk í samræmi við áætlun sem gildir til ársins 2026 með áherslur á ólíkar þarfir íbúa á biðlista. Auk þess verði íbúðum á vegum óhagnaðardrifinna leigufélaga fjölgað í samræmi við lög um almennar íbúðir. Að skipulagðar verði íbúðir fyrir 60 ára og eldri og fjölbreyttum búsetuúrræðum fyrir eldra fólk verði fjölgað þar sem heimili og þjónusta verði tengd saman. Að hverfiskjarni og nærþjónusta verði stækkuð og styrkt sem hjartað í hverfinu." Bókun Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur og Bergljótar Kristinsdóttur: "Fulltrúar Pírata og Samfylkingar leggja til að skipulagsskilmálar kveði á um að 25% byggingarmagns verði ætlað til uppbyggingar ódýrra íbúða, svo sem leigu- og búseturéttaríbúða auk íbúða sem uppfylla skilyrði hlutdeildarlána. Á næstu árum er nauðsynlegt að auka framboð af smærri íbúðum, burt séð frá eignarformi, til að auka val og möguleika ungs fólks og þeirra sem ekki vilja eða geta lagt mikið eigið fé í húsnæði. Þá er mikilvægt að tryggja gott aðgengi og flæði fyrir virka ferðamála og að skipulagið tryggi að gangandi vegfarendur þurfi ekki að þvera bílastæði til að komast að aðalinnngöngum fjölbýlishúsa, skóla og verslunarhúsnæðis."
Skipulagsráð - 123 (4.7.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Vinntilfallaga. Deiliskipulagi.	Lögð fram að nýju á vinnslustigi tillaga Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérþýli, (einþýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Jóhanna Helgadóttir skipulagsfræðingur gerir grein fyrir erindinu. Niðurstaða: Greint frá stöðu mála.
Skipulagsráð - 137 (20.2.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að deiliskipulagi.	Lögð fram tillaga Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150 íbúðum í sérþýli, (einþýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Jóhanna Helgadóttir skipulagsfræðingur kynnir tillöguna. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv.1:2000 dags. 20. febrúar 2023 ásamt skýringaruppdrætti og greinargerð dags. 20. febrúar 2023. Niðurstaða: Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf dags. 20. febrúar 2023 verði auglýst. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Fundarhlé kl. 17:08 Fundi fram haldið kl. 17:19. Bókun frá Hákonni Gunnarssyni, Helgu jónsdóttur, Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur og Theódóru S. Þorsteinsdóttur „Brýn þörf er á framboði íbúða á viðráðanlegu verði í Kópavogi. Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga frá 12 júlí 2022 er góð viðleitni til að móta langtímasýn í þessu mikilvæga úrlausnarefni. Mikilvægt er að Kópavogsbær taki mið af þeim sjónarmiðum sem þar koma fram við úthlutun byggingarlands.“
Bæjarráð - 3120 (2.3.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að deiliskipulagi.	Lögð fram tillaga Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150 íbúðum í sérþýli, (einþýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Jóhanna Helgadóttir skipulagsfræðingur kynnir tillöguna. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv.1:2000 dags. 20. febrúar 2023 ásamt skýringaruppdrætti og greinargerð dags. 20. febrúar 2023. Niðurstaða : Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.
Bæjarstjórn - 1274 (14.3.2023) -	Lögð fram tillaga Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er

Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að deiliskipulagi.	um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Jóhanna Helgadóttir skipulagsfræðingur kynnir tillöguna. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv.1:2000 dags. 20. febrúar 2023 ásamt skýringaruppdrætti og greinargerð dags. 20. febrúar 2023. Niðurstaða : Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.
Umhverfis- og samgöngunefnd - 162 (21.3.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að deiliskipulagi	Lögð fram tillaga Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150 íbúðum í sérbýli, (einbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Jóhanna Helgadóttir skipulagsfræðingur kynnir tillöguna. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv.1:2000 dags. 20. febrúar 2023 ásamt skýringaruppdrætti og greinargerð dags. 20. febrúar 2023. Niðurstaða : Lagt fram og kynnt. Bókun: Við fögnum góðri tillögu um fallegt hverfi. Við leggjum hins vegar áherslu á að tryggja aðgengi fyrstu kaupenda og tekjulágra að hverfinu, með ákveðnu hlutfalli hagkvæmra íbúðakosta og íbúða sem skilgreindar væru fyrir húsnæðissamvinnufélög eða óhagnaðardrifin leigufélög. Einnig hvetjum við til að áhrif á umhverfið verði skoðað við val á byggingarefni fyrir hverfið. Kristín Sævarsdóttir, Jane Appelton, Andrés Pétursson og Indriði Stefánsson.
Skipulagsráð - 144 (19.6.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að deiliskipulagi að nýju að lokinni kynningu. Athugasemdir og ábendingar.	Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillögu Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að deiliskipulagi nýs íbúðahverfis í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 ha og liggur að mörkum fyrirhugaðs Arnarnesveggar, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla/skóla og útivistarsvæðum ásamt möguleika á verslun og þjónustu. Í tillögunni er gert ráð fyrir um 500 íbúðum alls í sérbýli (einbýli, raðhús/parhús), klasabyggingum og fjölbýlishúsum á 2-3 hæðum auk kjallara. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000, skýringaruppdrætti og greinargerð dags. 20.02.2023 ásamt umhverfisskýrslu sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vatnsendahvarfs. Á fundi skipulagsráðs þann 20. febrúar var samþykkt að auglýsa tillöguna. Kynningartíma lauk 8. júní 2023. Þá eru lagðar fram athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma ásamt lýðheilsumati dags. 10.mars 2023. Niðurstaða : Lagt fram. Vísað til umsagnar skipulagsdeildar.
Skipulagsráð - 145 (3.7.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að deiliskipulagi að lokinni kynningu. Athugasemdir og ábendingar.	Á fundi skipulagsráðs 19. júní 2023 var lögð fram að lokinni kynningu skv. 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga Arkþing/Nordic arkitekta f.h. umhverfissviðs að nýju deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Afgreiðslu málsins var frestað og athugasemdum vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Þá er lögð fram umsögn Minjastofnunar dags. 26. júní 2023 sem barst að loknum kynningartíma. Niðurstaða : Lagt fram. Vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

2.5 Afgreiðsla/ferill breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 í nefndum og ráðum

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afgreiðslu í nefndum og ráðum Kópavogsbæjar fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Forsendur breytingar á aðalskipulagi. Að lokinni forkynningu tillögu að deiliskipulagi í vinnslu var ákveðið að gera breytingar á deiliskipulagstillögunni með vísan til athugasemda. Umræddar breytingar kalla á breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagsráð - 126 (5.9.2022) - Vatnsendahæð-Vatnsendahvarf, breyting á aðalskipulagi. Breyting á aðalskipulagi, tillaga í vinnslu (í kjölfar forkynningar á vinnslutillögu deiliskipulags).	Lögð fram tillaga í vinnslu, dags. 2. sept. 2022, að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2022 varðandi Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð - forkynning. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðasvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022. Niðurstaða: Lagt fram og kynnt.
Skipulagsráð - 127 (19.9.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Skipulagslýsing.	Lögð fram með tilvísun í 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga skipulagsdeildar að skipulagslýsingu dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðasvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022. Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir að framlögð skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 verð kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.
Umhverfis- og samgöngunefnd - 156 (20.9.2022) - Vatnsendahæð-Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Skipulagslýsing.	Lögð fram með tilvísun í 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga skipulagsdeildar að skipulagslýsingu dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðasvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022. Auður Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi kynnir. Niðurstaða : Lagt fram og kynnt.
Bæjarráð - 3100 (22.9.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Skipulagslýsing.	Lögð fram með tilvísun í 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga skipulagsdeildar að skipulagslýsingu dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðasvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022. Niðurstaða : Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn - 1263 (27.9.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Skipulagslýsing.	Lögð fram með tilvísun í 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga skipulagsdeildar að skipulagslýsingu dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022. Niðurstaða : Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.
Skipulagsráð - 131 (14.11.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Skipulagslýsing. Athugasemdir /ábendingar.	Lögð fram að nýju að lokinni kynningu skipulagslýsing dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf. Breytingarnar eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022. Á fundi skipulagsráðs 19. september 2022 var samþykkt að framlögð skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á fundi bæjarstjórnar 27. september 2022 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Kynningartíma lauk 27. október 2022. Þá lagðar fram athugasemdir og umsagnir sem bárust á kynningartíma. Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir að á grundvelli ofangreindrar skipulagslýsingar og þeirra athugasemda og umsagna sem bárust á kynningartíma verði hafin vinna við gerð breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf
Skipulagsráð - 132 (28.11.2022) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Tillaga í vinnslu. Forkynning.	Lögð fram tillaga skipulagsdeildar í vinnslu, dags. 24. nóvember 2022, að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2022 varðandi Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð - forkynning. Tillögunni fylgir sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Einnig lagt fram minnisblað VSÓ um niðurfellingu skilgreiningar á Kambavegi sem tengibraut, dags. 15. nóv. 2022 og minnisblað VSÓ um mat á þjónusturýmum í Vatnsenda, dags. 4. nóv. 2022. Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í aðalskipulagsbreytingunni er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Einnig lagt fram minnisblað menntasviðs vegna fjölgunar nemenda, dags. 1. sept. 2022 og minnisblað skipulagsdeildar um úrvinnslu sjónarmiða í framkomnum athugasemdum á kynningartíma forkynningar deiliskipulags dags. 25. maí 2022 og samráðsáætlun, dags. uppfærð 24.2.2022, við gerð deiliskipulags á Vatnsendahæð. Svo og lögð fram fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda í Kópavogi, 2022 Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir að framlögð tillaga á vinnslustigi að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. skipulagslaga nr. 123/2010.
Skipulagsráð - 135 (16.1.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Breyting á aðalskipulagi. Tillaga í vinnslu. Forkynning. Umsögn /ábending.	Lögð fram að nýju að lokinni forkynningu tillaga skipulagsdeildar, drög dags. 24. nóvember 2022, að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 varðandi Vatnsendahvarf /Vatnsendahæð. Á fundi skipulagsráðs 28. nóvember 2022 var samþykkt að framlögð tillaga á vinnslustigi að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf ásamt fylgigögnum yrði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingar á aðalskipulagi eru gerðar í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu er afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin "tengibraut" á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem

	unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Kynningartími var frá 2. desember 2022 til 11. janúar 2023. Fimmtudaginn 8. desember 2022 milli kl. 15:00 og 17:00 var opið hús á bæjarskrifstofum Kópavogs að Digranesvegi 1 þar sem ofangreind tillaga á vinnslustigi að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf var kynnt. Kynningartíma lauk 11. janúar 2023, eitt erindi barst. Niðurstaða : Skipulagsráð samþykkir á grundvelli framlagðrar tillögu á vinnslustigi að breyttu aðalskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð að hafin verði vinna við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi samhliða vinnu við tillögu að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.
Skipulagsráð - 137 (20.2.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að breyttu aðalskipulagi. Auglýsing/kynning.	Lögð fram tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs, íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (s-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dags. í febrúar 2023. Niðurstaða: Skipulagsráð leggur til að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 verði auglýst, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsráð samþykkir að vísa tillögunni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar með vísan til 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga og að tillagan verði auglýst í samræmi við 31. gr. sömu laga.
Bæjarráð - 3120 (2.3.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að breyttu aðalskipulagi. Auglýsing/kynning.	Lögð fram tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs, íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (s-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dags. í febrúar 2023. Niðurstaða : Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.
Bæjarstjórn - 1274 (14.3.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að breyttu aðalskipulagi. Auglýsing/kynning.	Lögð fram tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs, íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (s-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dags. í febrúar 2023. Niðurstaða : Bæjarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsráðs með 11 atkvæðum.
Umhverfis- og samgöngunefnd -	Lögð fram tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum

162 (21.3.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.	Arnarnesvegi til norðvesturs, íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (s-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Tillagan er sett fram í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu dags. í febrúar 2023. Niðurstaða: Lagt fram og kynnt.
Skipulagsráð - 144 (19.6.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Athugasemdir og ábendingar.	Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af fyrirhuguðum Arnarnesvegi til norðvesturs, íbúðarbyggð í Kórum til suðvesturs, fyrirhuguðu samfélagsþjónustusvæði (s-67) til suðurs, íbúðarbyggð í Hvörfum til austurs og athafnasvæði í Hvörfum til norðurs. Breytingin er gerð í tengslum við vinnu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við ábendingar og umsagnir sem hafa borist. Í breytingunni felst að afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði (ÍB-6), opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, felld er út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Skilgreiningin „tengibraut“ á Kambavegi að og frá hverfinu (ÍB-6) er felld niður. Tillögunni fylgir m.a. umhverfisskýrsla sem unnin er sameiginlega fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahvarfs. Á fundi skipulagsráðs þann 20. febrúar var samþykkt að auglýsa tillöguna. Kynningartíma lauk 8. júní 2023. Þá eru lagðar fram athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma. Niðurstaða: Lagt fram. Vísað til umsagnar skipulagsdeildar.
Skipulagsráð - 145 (3.7.2023) - Vatnsendahæð - Vatnsendahvarf. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Athugasemdir.	Á fundi skipulagsráðs 19. júní 2023 var lögð fram að lokinni kynningu skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga skipulagsdeildar að breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendavarf/Vatnsendahæð. Afgreiðslu málsins var frestað og athugasemdum vísað til umsagnar skipulagsdeildar. Þá er lögð fram umsögn Minjastofnunar dags. 26. júní 2023 sem barst að loknum kynningartíma. Niðurstaða: Lagt fram. Vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

3) Umsagnir, athugasemdir og ábendingar

Á kynningartíma tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahvarfs og tillögu að breytingu á aðalskipulagi bárust athugasemdir og ábendingar frá eftirtöldum aðilum:

1. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 8.6.2023
2. Veitum, dags. 8.6.2023
3. Landsneti, dags. 6.6.2023
4. Umhverfisstofnun dags. 6.6.2023
5. Veðurstofu Íslands, dags. 6.6.2023
6. Ísavía, dags. 6.06.2023
7. Neyðarlínunni, dags. 15.5.2023
8. Minjastofnun Íslands, dags. 26.06.2023
9. Vegagerðinni vegna nýs deiliskipulags, dags. 20.06.2023
10. Vegagerðinni vegna breytingar á aðalskipulagi, dags. 20.06.2023

1. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 8.6.2023

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að færa til blátoppu sem er friðlýst planta og er reiðubúin í frekara samstarf þessu tengt. Í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagsins kemur fram að áhrif á náttúrufar séu metin jákvæð vegna aðgerða er varða blátoppuna. Náttúrufræðistofnun telur að þó sú aðgerð sé sannarlega jákvæð þá sé það rask sem verður á náttúrulegu gróðurfari og upprunalegum vaxtarstöðum blátoppu neikvætt þótt ekki sé um að ræða stórt svæði. Eðlilegra væri því að meta áhrif deiliskipulagsins á náttúrufar sem óveruleg frekar en jákvæð. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið eða aðalskipulagsbreytinguna.

Umsögn

Tekið er undir sjónarmið Náttúrufræðistofnunar um að áhrif deiliskipulagsins á náttúru séu óveruleg frekar en jákvæð. Sameiginlegt umhverfismat tillagnanna er uppfært í samræmi við ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2. Veitur dags. 8.6.2023

Veitur benda á að í Vatnsendahvarfi þurfi að styrkja aðliggjandi dreifistofna hitaveitu og mögulega staðsetja dælustöð til að anna eftirspurn fyrir nýtt hverfi sem og aðra framtíðaruppbyggingu sem fyrirhuguð er á Vatnsendasvæðinu.

Einnig þarf að gera ráð fyrir dreifistöðvum rafmagns í hverfinu. Lóðarhafa/ráðgjafa ber að hafa samband við veitufyrirtæki og fá ráðgjöf og upplýsingar er varða lagnir og mannvirki á svæðinu. Við vinnslu deiliskipulags er mikilvægt að huga að lagnaleiðum veitulagna og aðgengi að lagnakerfinu eftir uppbyggingu auk lóða fyrir mannvirki veitna t.d. dælustöðvar og dreifistöðvar.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs frá fyrstu stigum skipulagsferlisins til samþykktar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri styrkingu og samþættingu við framkvæmdir.

Umsögn:

Haft var samráð við Veitur á forkynningarstigi deiliskipulags varðandi staðsetningar á dreifistöðum rafmagns. Gert er ráð fyrir fimm spennistöðum rafmagns innan deiliskipulagsins og hefur Veitur samþykkt fjölda og staðsetningar í tölvupósti dags. 10.02.2023 frá Fríðu Rakel Linnét.

Eftir auglýsingatíma var ennfremur haldinn samráðsfundur með fulltrúum Veitna 22.06.2023, þar sem farið var í gegnum staðsetningar á spennustöðum og stofnveitu hitaveitu og mögulega staðsetningar á dælustöð. Ekki er talin þörf á að staðsetja lóð fyrir væntanlega dælustöð innan deiliskipulagssvæðisins.

3. Landsnet, dags. 6.06.2023

Landsnet hefur áður veitt umsögn um tillögu á forkynningarstigi að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi og um skipulagslýsingu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs vegna Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar. Í umsögn um vinnslutillögu deiliskipulagsins vakti Landsnet athygli á að samkvæmt kerfisáætlun fyrirtækisins væri gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, sem mögulega myndi liggja við mörk skipulagsins. Einnig að fyrirtækið ynni að gerð umhverfismats vegna þessa. Hlé hefur nú verið gert á vinnu við undirbúning línunnar þannig að ofangreindar forsendur hafa breyst. Landsnet telur því ekki lengur þörf á að fyrirtækið veiti umsagnir um skipulag á þessu svæði.

Umsögn:

Ekki er þörf á viðbrögðum

4. Umhverfisstofnun, dags. 6.06.2023

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi.

Umsögn:

Ekki er þörf á viðbrögðum

5. Veðurstofa Íslands, dags. 06.06.2023

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu.

Umsögn:

Ekki er þörf á viðbrögðum

6. Isavia, dags. 15.05.2023

Isavia gerir ekki athugasemd við tillögu

Umsögn:

Ekki er þörf á viðbrögðum

7. Neyðarlínan dags. 15.05.2023

Neyðarlínan bendir á að í nýjum drögum (tillögu) að deiliskipulagi er reitur fyrir fjarskiptamannvirki.

„Hann er ekki alveg réttur þar sem mastrið sem þarna er virðist á réttum stað en fjarskiptahús sem þarna er er austan við mastrið, ekki sunnan við það. Leiðrétta þarf uppdráttinn vegna þessa þ.a. reiturinn stækki aðeins til austur og minnki þá að sama skapi til suðurs.“

Umsögn:

Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir útvistarsvæði á háholtinu, fjarskiptamastri, hundagerði og minningarreit um fjarskiptasögu á Vatnsendahvarfi.

Þegar færa á umrætt tækjaskýli eða byggja nýtt þarf að staðsetja skýlið í samræmi við deiliskipulagið.

Deiliskipulagið heimilar útsýnispall á háholtinu í kringum fjarskiptamannvirki. Svæðið allt, s.s. útsýnispallur, tækjaskýli og umgjörð þess skal vera hannað sem hluti af útsýnisreit og í samræmi við aðliggjandi hundagerði.

Það er markmið deiliskipulags að mannvirki á háholtinu verði svæðinu til prýði og það eru settir skilmálar þar að lútandi varðandi gæði og efnisval fjarskiptamannvirkja. Notast skal við náttúruleg byggingarefni þannig að mannvirkið falli sem best að nærliggjandi umhverfi og lágmarka neikvæða ásynd þess á umhverfið. Dæmi um efnisval t.d. Corten stál eða önnur dökk málmklæðning sem fellur vel að umhverfi sínu.



Fjarskiptamastur, útsýnis- og minningarreit um fjarskiptasögu, fléttast saman við grænan geira og hundagerði á háholtinu.

8. Minjastofnun Íslands dags. 6.08.2023

Minjastofnun fer fram á að útlínur allra 13 skráðra fornleifa sem hafa verið mældar upp sbr. fornleifaskráningu dags. maí 2022 verði færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna ásamt 15 metra friðhelgunarvæði þeirra skv 4. gr. reglna nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.

Ennfremur telur Minjastofnun mikilvægt að kanna nánar fornleifar á svæðinu m.t.t. aldurs, umfangs og eðlis. Stofnunin fer því fram mótvægisáðgerðir:

- Rúst(42) og (MV-9): Farið er fram á að rústin verði girt af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.
- Þjóðleið (92): Leiðin liggur að hluta til mjög nærri rústinni (42) og innan friðhelgunarsvæði hennar og má því gera ráð fyrir að þeim hluta leiðarinnar verði ekki raskað vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ef öðrum hlutum leiðarinnar verður raskað er það mat Minjastofnunar að skráning leiðarinnar sé fullnægjandi mótvægisáðgerð.
- Rúst (93): Uppmælingar af rústinni hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppráttinn og því ekki ljóst hvernig hún mun verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að grafa verði könnunarskurð (þversnið) í rústina til að fá betri mynd af gerð hennar og til að kanna hvort undir henni leynist leifar eldri mannvirkja. Garðar (95 og 96): Hér er um að ræða fjögur garðlög. Uppmælingar af þeim hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppráttinn og því ekki ljóst hvernig þeir/pau verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að grafa verði könnunarskurð (þversnið) í eitt garðlagið til að fá betri mynd af gerð og mögulega geta greint aldur þeirra.
- Dældir (94, 97, 98, 99, 100 og 101): Uppmælingar af dældunum hafa ekki verið færðar inn á deiliskipulagsuppráttinn og því ekki ljóst hvernig þær verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Minjastofnun telur að taka verði borkjarna í eina dældina (97) til að fá betri mynd af eðli hennar og mögulega geta greint aldur þeirra.

Umsögn:

Fornleifastofnun Íslands hefur tekið að sér fyrir hönd Kópavogsbæjar að framkvæma rannsóknir á skráðum fornleifum; tóft 93, garðlögðum 95-96 og dældum (94, 97, 98, 99, 100 og 101) m.t.t. aldurs, umfangs og eðlis. Framkvæmdarannsókn fór fram 8.-14. september 2023. Gerðir voru könnunarskurðir og gjóskusýni voru greind af jarðfræðingi hjá Ísor.

Rannsóknir leiddu í ljós að garðlag 95b var hlaðið úr jarðvegi og torfi, nokkuð hroðvirknislega, en hlutverk þess er óljóst. Tóft 93 var einnig hlaðin úr torfi og mátti greina 3-5 umfór strengs í veggjum hennar. Engar eldri minjar voru undir mannvirkjunum.

Í báðum skurðum komu í ljós tvö gjóskulög sem Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi. Sú yngri var Katla 1500 en sú eldri Miðaldalagið frá byrjun 13. aldar. Bæði garðlag og tóft eru ofan við K-1500.

Í tilfelli garðsins 95b voru greinilegar leifar K-1500 í torfinu og er hann hlaðinn nokkuð löngu eftir að K-1500 gjóskan fellur. Mjög líklegt er að garðlagið tengist starfsemi Ríkisútvarpsins á svæðinu á 20. öld enda sést það mjög greinilega á gömlum loftmyndum Landmælinga Íslands frá árinu 1954.

Tóft 93 virðist hins vegar sitja svo til beint ofan á K-1500 sem gæti gefið til kynna að um nokkuð gamla tóft sé að ræða. Þó er ekki útilokað að torf og jarðvegur ofan á K-1500 hafi

verið skorin í burtu við gerð tóftarinnar og er nákvæmur aldur hennar því óviss. Engin mannvistarlög fundust innan í tóftinni og eru þau líklega horfin í grasrót eða vegna rofs á svæðinu. Hlutverk hennar er óþekkt en staðsetning og hringlaga form hennar gæti gefið vísbendingu um að hér sé um litla fjárborg að ræða.

Við borkjarnarannsókn í kassalaga dæld nr. 97 fundust engin greinileg gjóskulög, líklega vegna landrofs svo ofarlega á Vatnsendahæð. Engin mannvistarlög fundust í botni eða inngangi dældarinnar og engir torfveggir eða upphleðslur komu heldur í ljós. Ofarlega í borkjarna úr miðju dældar fundust leifar af ryðguðum járnflögum sem hugsanlega gætu verið leifar af bárujárnsþaki. Í þessari dæld hefur hugsanlega verið kartöflugeymsla, eða einhvers konar skjól eða aðhald á stríðsárunum, en mannvirkið er mjög líklega frá 20. öld.

Aðeins tóft 93 gæti því hugsanlega talist eiginleg fornleif, en nákvæmur aldur er óviss, sjá fylgiskjal 22.

9. / 10. Vegagerðin vegna nýs deiliskipulags dags 20.06.2023, og vegna breytingar á aðalskipulagi dags 20.06.2023

Vegagerðin bendir á að samkvæmt vegalögum nr 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis er háðar leyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5 grein.

Umsögn:

Veghelgunarsvæði Arnarnesvegur lendir ekki innan skipulagssvæðis Vatnsendahvarfs.

4) Niðurstaða umsagnar

Alls bárust 10 ábendingar og umsagnir á auglýsingatíma tillögu að nýju deiliskipulags og tillögu að breytingu á aðalskipulagi í Vatnsendahvarfi. Brugðist var við umsögn Minjastofnun Íslands með því að gera rannsókn á fornleifum og bætt við skilmálum um að girða af MV-9 á framkvæmdatíma. Ennfremur var sameiginlegt umhverfismat tillagnanna uppfært eftir ábendingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Ekki er talin ástæða fyrir að gera frekari breytingar á tillögunum. Hér á eftir eru listaðar upp leiðréttingar/lagfæringar í deiliskipulagsgögnum er gerðar á eftir auglýsingu:

Breytingar á greinargerð á eftir auglýsingu:

- Kafli 1.2 Deiliskipulag og gögn
Bætt við texta um umhverfismatsskýrslu deiliskipulags.
- Kafli 1.2.1 Fylgigögn
Kafli heiti breytt í 1.2.1 Önnur gögn
Bætt við greiningu Fornleifastofnunar Íslands ses á minjum
- Kafli 1.2.3. Mæli- og hæðarblöð
Skerpt á skilgreiningu um mæli- og hæðarblöð.
- Kafli 2.5 Minjar
Forsendukafli um minjar uppfærður í samræmi við ábendingar frá Minjastofnun.
Bætt við umfjöllun um minjaskráningu og athugun minja.
Bætt við kvöð um verndun minja nr. MV-9 á framkvæmdatíma.
Bætt við skýringarmynd og töflu yfir minjar.
- Kafli 3.1 Aðalskipulag
Bætt við upptalningu að tengibraut sé felld niður í aðalskipulagi.

- Kafli 4.3 Samgöngur
Skerpt á skilmálum um forgang gangandi og hjólandi vegfarenda á hönnunarstigi.
- Kafli 4.3.5 Bílastæði
Skerpt á skilmálum um útfærslu og frágang bílastæða.
Bætt við umfjöllun um bílastæði við hundagerði.
- Kafli 4.5.6 Minjar
Skerpt á skilmálum um varðveislu minja í deiliskipulagi og frágangi á framkvæmdatíma.
- Kafli 4.7 Veitur, lagnir og ofanvatn
Skerpt á skilmálum um dælubúnað í kjöllum sérbyla.
- Kafli 4.8 Grenndarstöð
Skerpt á skilmálum um útfærslu og frágang við grenndarstöð, nánari hönnun/útfærsla ræðst á hönnunarstigi.
- Kafli 4.9 Dreifistöðvar rafmagns.
Bætt við tilvísun í umfjöllun um sérskilmála kafla 5.11 Dreifistöðvar rafmagns.
- Kafli 4.3 Samgöngur
Skerpt á áherslum um forgang gangandi og hjólandi vegfarenda.
- Kafli 5.11 Dreifistöðvar rafmagns
Skerpt á skilmálum um útlit og frágang dreifistöðva og bætt við tilvísun í kafla 4.10
- Kafli 5.3.5 P-5 parhús 2 h felld og aðlöguð að landi
Parhús neðan við götu E, leiðrétt úr tveggja hæða parhús (hústýpa P-3) í parhús 2. hæðir felld og aðlöguð að landi (hústýpa P-5).
- Kafli 5.5 Klasahús
Bætt við skilmálum um gróður/runna milli bílastæða og íbúða.
Bætt við skilmálum um blöndun íbúðagerða.
- Kafli 5.
- Kafli 6 Samantekt umhverfisskýrslu
Umhverfisskýrsla uppfærð í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar.
- Götuheitum fjölgað, áður gata A-E, nú gata A-L.
- Skilmálatöflur uppfærðar, m.a. minniháttar breytingar á byggingarmagni neðanjarðar í fjölbylis- og klasahúsum og ofanjarðar í klasahúsum.
- Skýringarmyndir og kennisnið uppfærð.
- Smávægilegar uppfærslur og leiðréttingar á texta.

Breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu

- Götuheitum fjölgað, áður gata A-E, nú gata A-L
- Húsnúmer uppfærð
- Staðsetningu grenndargáma og dreifistöðva rafmagns hliðrað lítillga
- Fyrirkomulagi bílastæða hjá hundagerði breytt
- Leiðbeinandi staðsetningu innkeyrslna við Götu K(áður gata D) hliðrað fjær gatnamótum
- Botnlangi við Götu J (áður gata C), stytur og lóðarmörkum við Götu J 7 breytt til samræmis
- Parhús, hústýpa P-3, við Götu L, neðan við götu(áður gata E) breytt í parhús, hústýpa P-5
- Klasahús við Götu K 20-22 (áður gata D 16) breytt úr hústýpu K2 í hústýpu K1
- Klasahús við Götu K 30-32 (áður gata D 24) breytt úr hústýpu K2 í hústýpu K1
- Klasahús við Götu K 17-19 (áður gata D 15) breytt úr hústýpu K1 í hústýpu K

5) Yfirlit yfir fylgigögn 1-22

- Fylgiskjal 1 Skipulagslýsing deiliskipulags og hönnunarforsendur, 25. mars 2021
- Fylgiskjal 2 Skipulagslýsing deiliskipulags 25. mars 2021, auglýsingar
- Fylgiskjal 3 Skipulagslýsing deiliskipulags 25. mars 2021, umsagnir, athugasemdir og ábendingar
- Fylgiskjal 4 Vinnslutillaga deiliskipulags Vatnsendahvarfs dags.11.02.2022, ásamt fylgigögnum
- Fylgiskjal 5 Vinnslutillaga deiliskipulags Vatnsendahvarfs, auglýsingar um forkynningu
- Fylgiskjal 6 Vinnslutillaga deiliskipulags Vatnsendahvarfs, úrvinnsla og mótun tillögu að deiliskipulagi
- Fylgiskjal 7 Vinnslutillaga deiliskipulags Vatnsendahvarfs, kynningarfundur 7.apríl 2022
- Fylgiskjal 8 Vinnslutillaga deiliskipulags Vatnsendahvarfs, umsagnir, athugasemdir og ábendingar eftir forkynningu
- Fylgiskjal 9 Vinnslutillaga deiliskipulags Vatnsendahvarfs. Breytingar í kjölfar samráðs á forkynningarstigi
- Fylgiskjal 10 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Skipulagslýsing, dags 15.09.2022
- Fylgiskjal 11 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Skipulagslýsing, dags. 15.09.2022. Auglýsingar
- Fylgiskjal 12 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Skipulagslýsing. Ábendingar, athugasemdir og umsagnir
- Fylgiskjal 13 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Tillaga á vinnslustigi, dags 24.11.2022 ásamt fylgigögnum
- Fylgiskjal 14 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Tillaga á vinnslustigi. Auglýsingar um forkynningu
- Fylgiskjal 15 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Tillaga á vinnslustigi, opið hús 8. 12.2022
- Fylgiskjal 16 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Tillaga á vinnslustigi, umsagnir, ábendingar og athugasemdir
- Fylgiskjal 17 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Tillaga að breytingu febrúar 2023 ásamt fylgigögnum
- Fylgiskjal 18 Nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs. Tillaga febrúar 2023 ásamt fylgigögnum

- Fylgiskjal 19 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs. Tillaga, athugun Skipulagsstofnunar
- Fylgiskjal 20 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs, auglýsingar
- Fylgiskjal 21 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs, opinn íbúafundur 16. maí 2023
- Fylgiskjal 22 Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, nýtt deiliskipulag Vatnsendahvarfs, lok vettvangsrannsóknna fornleifa dags 15.09.2023